Börkur Sigurbjörnsson

Bréfið

örsaga

Urban Volcano

Bréfið

Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2017
http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson

Útgefandi: Urban Volcano

http://urbanvolcano.net/

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, hljóðritun eða upplestri í rigningarúða á Lækjartorgi, svo fremi sem vísað er í höfund, efninu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



Bréfið

Ég gekk inn í geymsluna og horfði yfir kassastaflann. Ég vissi að prófskírteinið mitt frá háskólanum væri þarna einhvers staðar. Vottur um það að ég hafði lokið meistaranámi í jarðfræði.

Ég opnaði kassana hvern af öðrum í leit að réttu skjalamöppunni. Heppnin var með mér á þriðja kassa. Ég dró möppuna upp úr kassanum og opnaði hana varlega. Þó ekki með nægjanlegri gætni til að koma í veg fyrir að bréf féll á gólfið. Ég lagði möppuna frá mér og teygði mig eftir gulleitu umslaginu sem ekki var stílað á neinn.

Ég dró fram þéttskrifaða örk og byrjaði að lesa. Það færðist bros yfir varir mínar þegar ég las mína eigin skrift þar sem ég lýsti fyrir vinum og vandamönnum ástæðum þess ég hafði ákveðið að ljúka ekki meistaranámi mínu í jarðfræði — hvers vegna ég gat ekki haldið út lengur.

Ég hafði steingleymt þessu bréfi. Bréfi sem aldrei var sent en gerði mér kleyft að koma skikka á rótið í huga mér. Það hjálpaði mér að draga djúpt andann og einbeita mér að því að klára meistararitgerðina.

Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftar en ekki byggðar á sönnum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)
Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)
52 augnablik, örsagnasafn (2017)
999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson
Urban Volcano